



Innkaupa- og framkvæmdaráð

16165 Rammasamningur um þjónustu rafverktaka við umferðar- og götuljós

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 14. ágúst 2025 og skilaði 5 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs og gæða í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð á rammasamningi í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES.

Samningsfjárhæð er heildarsamningsfjárhæð skipt niður á 4 ár en samið er til eins árs í senn með möguleika á að framlengja þrisvar sinnum um eitt ár í senn. Hámark samanlagðra viðskipta á grundvelli þessa samnings er um kr. 580.000.000,- með virðisaukaskatti (vsk), fyrir þjónustu við götuljós og 290.000.000,- fyrir þjónustu við umferðarljós, miðað við fjögurra ára samning þ.e eins árs samningur + þrisvar sinnum eins árs framlenging.

Lægsta tilboð vegna þjónustu við götuljós var 77% af kostnaðaráætlun og 98% af kostnaðaráætlun fyrir þjónustu við umferðarljós. Fjöldi tilboða var í samræmi við væntingar.

Þjónusta við götuljós:

Kostnaðaráætlun var kr. 581.400.000 með vsk.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði til samninga við alla 5 tilboðsgjafa. ástæða þess er til að hafa fleiri við borðið ef/þegar farið verður í örútbóð síðar.

Ljóstvistar ehf	kr. 446.825.200 með vsk	76,85% af kostn.áætlun
Bergraf ehf	kr. 476.216.800 með vsk	81,91% af kostn.áætlun
Rafal ehf	kr. 552.712.000 með vsk	95,07% af kostn.áætlun
Rafvirki og Pípari Fyrir Þig ehf	kr. 697.574.400 með vsk	119,98% af kostn.áætlun
Pávers ehf	kr. 861.240.000 með vsk	148,13% af kostn.áætlun

Ofangreind fyrirtæki hafa öll staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat Tækniþjónustu/skrifstofa Borgarlands.



Þjónusta við umferðarljós:

Kostnaðaráætlun var kr. 294.200.000 með vsk.

Þrjú tilboð bárust, einn aðili, Ljóstvistar ehf uppfyllti ekki tæknilegar kröfur vegna skorts á hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu fyrir hluta 2 umferðarljósakerfið.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tveimur lágstu gildu tilboðum sem eru:

Rafal ehf	kr. 288.300.000 með vsk	97,99% af kostn.áætlun
Pávers ehf	kr. 345.608.000 með vsk	117,47% af kostn.áætlun

Ofangreind fyrirtæki hafa bæði staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat Tæknipjónustu/skrifstofa Borgarlands.

Virðingarfyllt

Kristján Hallvarðsson
*Umhverfis- og Skipulagssvið
Tæknipjónustan / Skrifstofa Borgarlands*

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*